

Reglur um félagslega heimaþjónustu í Hvalfjarðarsveit

I.kafli

Umfang, markmið og stjórnun

1. grein

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi deilir heimili með fullorðnum einstaklingi, sem á ekki við veikindi að stríða, er að öllu jöfnu ekki veitt heimaþjónusta.

2. grein

Félagsleg heimaþjónusta getur falist í eftirtöldu:

1. Aðstoð við þrif.
2. Félagslegum stuðningi t.d. með innliti og stuttri viðveru.
3. Aðstoð við persónulega umhirðu sem ekki er í verkahring heimahjúkrunar.
4. Aðstoð á matartíma.
5. Aðstoð við innkaup.
6. Aðstoð við gæslu og umönnun barna.

Í kafla II er að finna nánari útlistun á þjónustunni.

3. grein

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi við eðlilegar aðstæður.

4. grein

Félagsmálastjóri eða annar í umboði hans fer með stjórn heimaþjónustu á vegum Hvalfjarðarsveitar. Félagsmálastjóri hefur heimild í umboði fjölskyldunefndar til að annast framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu samkvæmt reglum þessum.

I. kafli

Skilgreining á þjónustu

5. grein

Félagsleg heimaþjónusta getur falið í sér eftirfarandi:

1. Þrif

Með þrifum er átt við að ryksuga, þvo gólf, þrifa baðherbergi, þ.e.a.s. vask, salerni, bað/sturtu og vegg þar í kring, þrifa vaskaskáp, ísskáp og kringum eldavél. Þurrka skal af þegar viðkomandi getur ekki gert það sjálfur. Aðstoð við almenn heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri notkun þjónustuþega s.s. eldhús, salerni, ganga, svefnherbergi, stofu og borðstofu. Aðstoð er veitt við þvott á léttari gluggatjöldum, s.s. fyrir elhús- og baðherbergisgluggum. Ekki eru þvegin rimlagluggatjöld. Aðstoð er veitt við að setja þvott í vél og við frágang, eftir þörfum hverju sinni. Uppvask telst ekki hluti af almennum heimilisþrifum heldur skal tekið fram sérstaklega. Ef um sameign er að ræða skal þjónustuþegi eða stjórn húsfélags útvega þrif á henni. Að öðrum kosti ber að líta á slík þrif sem algjöra undantekningu.

2. Félaglegur stuðningur

Leitast er við að mæta þörfum einstaklinga á ýmsa vegu s.s. með hvatningu og samveru í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun.

3. Persónuleg þrif

Starfsmenn skulu veita aðstoð við persónulega umhirðu, svo sem aðstoð við að klæðast og aðra aðstoð sem ekki er í verkahring heimahjúkrunar.

4. Aðstoð á matmálastímum

Ef notandi getur ekki annast matseld sjálfur er í boði heimsendur matur samkvæmt 11. grein þessara verklagsreglna. Starfsmenn geta þó annast matseld eða tiltekt málsverðar samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

5. Innkaup og útréttingar

Starfsmaður getur aðstoðað við matarinnkaup ef samið hefur verið um það. Þjónustuþega er þá finnst kostur á að fara með sé það mögulegt. Að öðru leyti er starfsmönnum óheimilt að fara með fjármuni þjónustuþega. Í sumum tilfellum felst heimabjónusta eingöngu á að aka þjónustuþega til matarinnkaupa og útréttinga. Það er gert á ábyrgð eigenda ökutækis.

III. kafli Framkvæmd

6. grein

Sækja þarf skriflega um félagslega heimabjónustu, á þar til gerðu eyðublaði, hjá félagsmálastjóra.

7. grein

Þegar umsókn hefur verið móttækin ber félagsmálastjóra að fara inn á heimili umsækjanda og meta þjónustubörf viðkomandi.

8. grein

Gera skal þjónustusamning við þjónustuþega sem tilgreinir umfang og skipulag heimabjónustunnar. Við skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hafa sem nánast samstarf og samvinnu við alla hlutaðeigandi aðila. Einnig er lögð áhersla á að eiga náið samstarf við alla þá aðila sem veita þjónustuþega þjónustu.

9. grein

Tímafjöldi heimaþjónustu miðast við aðstoð einu sinni í viku 4 tíma í senn. Hægt er að gera undanþágu frá þessu ákvæði þegar sérstakar aðstæður knýja á um slíkt. Þá er haft samráð við alla þá aðila sem veita þjónustu inn á viðkomandi heimili. Ef ástæða þykir til skal framvísa læknisvottorði.

II. kafli

Heimsendur matur

10. grein Skilgreining

Heimsendur matur er fyrir lífeyrisþega sem ekki geta eldað sjálfir um lengri eða skemmri tíma. Umsóknar- og matsferli fyrir heimsendan mat er það sama og fyrir almenna félagslega heimaþjónustu samkvæmt 6. grein þessara reglna.

V. kafli

11. grein

Þeir aðilar sem fá heimsendan mat greiða fyrir máltíðirnar sjálfir en þurfa ekki að greiða fyrir heimsendingu.

VI. kafli

12. grein

Leitast skal við að ráða fólk til starfa í félagslegri heimaþjónustu sem hefur reynslu af umönnunarstörfum. Allir starfsmenn heimaþjónustu skulu framvísa sakavottorði.

13. grein

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum um einkamál þjónustuþega og heimilishald og skulu staðfesta það með undirritun sinni við ráðningu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum.

14. grein

Starfsmönnum er óheimilt að geyma lykla að íbúðum þjónustuþega. Ef aðstæður knýja á um slíkt skal það vera með samþykki aðstandenda og vitundar félagsmálastjóra. Þegar þjónustu lýkur skal lykli skilað til félagsmálastjóra.

15. grein

Starfsmönnum er óheimilt að byggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá þjónustuþegum eða aðstandendum þeirra nema um sé að ræða óverulegar gjafir. Hafa skal samráð við félagsmálastjóra ef vafi leikur á hvort starfsmanni sé heimilt að taka við gjöf. Starfsmönnum er óheimilt að bjóða þjónustuþegum varning eða aðra þjónustu til kaups.

VII. kafli

Málskot og gildistími

16. grein

Umsækjandi um félagslega heimaþjónustu getur áfrýjað ákvörðun félagsmálastjóra til fjölskyldunefndar og skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskyldunefndar Hvalfjarðarsveitar. Ákvörðun fjölskyldunefndar má áfrýja til

úrskurðarnefndar velferðarmála (85/2015) og skal það gert innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi berst vitneskja um ákvörðun.

18. grein

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd 14. febrúar 2007 og staðfestar af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 3. apríl 2007 og öðlast þegar gildi. Hvalfjarðarsveit 1. júlí 2008 Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri.

Reglur þessar voru endurskoðaðar og samþykktar í sveitarstjórn 9. júní 2015